

bónarbrjef járnsmíðs Jónasar Helgasonar, um, að honum mætti verða veittur styrkur úr landssjóði til að láta prenta nokkur hepti af sönglögum með tilheyrandi textum, eldri og nýrri, og telur hann sig í þessu skyni hafa safnað í eitt hepti af lögum, sem ætluð eru barnaskólum eða byrjendum, í annað, með fleiri röddum, handa þeim, sem lengra eru komnir, og í þriðja hepti af sálmalögum þeim, er ekki finnast harmoniseruð í þeim útlendu kóral-bókum, sem menn hjer geta átt kost á að afla sjer; — getið þjer þess, að beiðandinn hafi munnlega skýrt frá, að hann búist við að geta á þessu ári fengið prentað eitt hepti, að stærð 4 arkir, og leggið þjer til, að beiðandanum verði veittur hinn umbeðni styrkur, með 20 kr. fyrir hverja prentaða örk.

Fyrir þessa sök skal þjónustusamlega tjáð stiptsyfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar það, er hjer segir:

Með því að mjer er kunnugt, að organisti Pjetur Guðjónsson hefir búið undir prentun kóral-bók, er sjerstaklega er til þess ætluð, að leika eptir á smá-organi, sem nú er farið að tíðka í kirkjum hjer á landi, og að bók þessi muni koma út næsta sumar, finn jeg ekki ástæðu til að veita hinn umbeðna styrk til að gefa út sálmalög. Þar á móti hefi jeg af fje því, sem getur um í 15. gr. fjárlaganna fyrir þetta ár, veitt beiðandanum styrk til að láta prenta hepti af sönglögum, er ætluð eru byrjendum, með 20 kr. fyrir hverja örk, allt að 4 örkum, og mun styrk þessum verða ávísað til útborgunar, þá er hepti þetta er fullprentað.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um færslu á Þingstað.* — Með brjefi frá 19. f. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer tillögur hlutaðeigandi sýslumanns, hreppstjóra og hreppsnefndar, um, að þingstaður Akraneshrepps verði fluttur frá Heynesi út á Akranes-skaga. Hefir verið tekið fram þessari breytingu til gildis, að Skaginn sje hinn fólksflesti partur hreppsins, en vegna þess, hvað Heynes sje langt frá Skaganum, hafi manntalsþing í Akraneshreppi hingað til verið illa sótt, hreppsþúar hafi ekki getað notað þinghúsið til almennra mannfunda, og hreppsnefndin hafi ekki getað átt þar fundi sína; þar að auki sje þinghúsið á Heynesi ljelegt og þurfi bráðum aðgjörðar við, en á Skaganum megi fá húsrúm til þinghalds í barnaskólahúsi, sem verið sje að efna til að byggja þar úr steini. Þá hafið þjer, herra amtmaður, látið það álit í ljósi, að ekkert sje á móti því, að hið umbeðna leyfi verði veitt, því augljóst sje, að breytingin verði til hægðarauka fyrir meiri hluta hreppsþúa, og sú vegalengd, sem bætist við fyrir nokkurn hluta hreppsins geti enganvegin álitizt nein tilfinnanleg óhægð.

Af hinum tilgreindu ástæðum samþykkist, að þingstaður Akraneshrepps verði fluttur frá Heynesi út á Skaga, með því skilyrði, að hreppsnefndin fyrir manntalsþing 1878 útvegi nægilega stórt og gott húsrúm til þinghalds á síðarnefndum stað, og ber sýslumanni eptir nefnt manntalsþing að senda yður skýrslu um, hvort þetta hafi verið gjört, eða þá, ef hreppsnefndin hefir ekki notað hið veitta leyfi, hvað gjört hafi verið til að endurbæta þinghúsið á Heynesi á viðunandi hátt.

Þetta er yður, herra amtmaður, tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um framfærslu-hrepp sveitarómaga.* — Eptir að hreppstjórinn í Þingvalla-  
12. marz.

**18** sveit hafði áfrýjað hingað úrskurði yðar, herra amtmaður, frá 16. desbr. 1873, er segir Valgerði Grímsdóttur sveitlæga í fœðingarhreppi hennar, er 2. nóvbr. 1861 var skipt í 2 hreppa, Þingvallahrepp og Grafningshrepp, og skyldar þessa hreppa til í sameiningu að endurgjalda Hvalfjarðarstrandahreppi það tje, sem Valgerði hefir verið lagt þar úr fátækra-sjóði, og eptir að ýmsar nýjar skýrslur um þetta mál hafa komið fram, skal þjónustusamlega tjáð yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar það, er nú skal greina:

Ekki er umtalsmál, að Valgerður Grímsdóttir sú, er nefnd var og fœdd er á Brúsa-stöðum í Þingvallasveit, hafi, eptir því, sem fram hefir komið, getað áunnið sjer sveit, eptir að hún var fullra 16 ára gömul, annarstaðar fyrir utan fœðingarhrepp sinn en í Kjósarhreppi. Þar var hún fyrst í 9 ár samfleytt, frá krossmessu 1858 til krossmessu 1867 og, eptir nokkra dvöl á Nýjabœ í Seltjarnarneshreppi, aptur síðara part ársins 1867, allt árið 1868 og framan af árinu 1869, þangað til um krossmessu; en úrlausn þeirrar spurningar, hvort hún með þessari vist í Kjósinni hafi orðið sveitlæg þar, mun komin undir þeirri þýðingu, er lögð verður í áminnsta dvöl hennar utan Kjósarhrepps nokkurn part af árinu 1867. Þegar Valgerður á árinu 1871 varð sveitarþurfi í Hvalfjarðarstrandahreppi, bar hún fyrir hreppstjóranum þar, er hann krafðist skýrslu um lífsferil hennar, að hún hefði verið í vist á ýmsum bæjum í Kjósinni í 9 ár, þar eptir 1 ár á Nýjabœ í Seltjarnarneshrepp, og þar eptir aptur 1 ár í Kjósarhrepp, áður en hún vorið 1869 fluttist inn í Hvalfjarðarstrandahrepp; en þegar hún var flutt á Þingvallahrepp, er álitinn var framfærslu-hreppur hennar, breytti hún þessari skýrslu þannig, að hún hefði aldrei verið hjú bóndans á Nýjabœ, Brynjúlfs Magnússonar, en að húsbóndi hennar í Kjósinni, Jón Guðmundsson á Valdastöðum, hefði um krossmessu 1867 fengið sig til að fara um tíma að Nýjabœ, þar sem hún dvaldi í 6 vikur, í því skyni, að því er hún hjelt, að vera þar hlutakona fyrir búsbónda sinn Jón, er þá rjeri þar um vorið; hefði hún eptir þessar 6 vikur aptur farið heim með honum, og dvalið það, sem eptir var vistarársins óumtalað hjá honum sem hjú, og hefði hún fengið hjá Jóni venjuleg fôt, en ekkert þess konar hjá Brynjúlfi. Í skýrslu þeirri, sem hún hefir borið fyrir lögreglurjetti Árnæssýslu 3. ágúst 1874, segir enn fremur, að Jón hafi fengið henni, þegar hún var honum samferða að Nýjabœ, prestseðil frá Reynivöllum, en að hún hafi ekki vitað, hvað það hefði átt að þýða, því að hún hefði alls ekkert gjört til að útvega seðilinn hjá prestinum að Reynivöllum, með því að hún hefði alltaf álitnið sig sem hjú Jóns hið umrœdda vistarár; en í skýrslu, er hún áður hafði gefið fyrir hreppstjóranum í Þingvallahreppi, segir, að hún hafi sjálf, þegar Jón spurði hana, hvort hún vildi ekki fara með sjer suður að Nýjabœ, án þess þó að nefna nokkur vistarráð, og sagði henni að fá sakramentisseðil sinn hjá prestinum, gjört það, og fengið Jóni seðilinn.

Þessi framburður Valgerðar styrkti grun þann, er hin stutta dvöl hennar á Nýjabœ um krossmessuleytið hafði vakið um, að vistarráðin við bóndann þar á bæ hefðu verið gjörð til málamyndar og að eins í þeim tilgangi, að koma í veg fyrir, að hún með því að vera samfleytt í 10 ár í Kjósarhreppi á-yinni sjer þar framfærslurjett, og hafa þeir, er um þetta gátu borið verið yfirheyrdir í mörgum rjettarprófum til þess að útvega lagasönnun um þetta atriði, en það hefir ekki tekizt, og kemur þá til álita, að skýrsla Valgerðar hefir ekki verið svo nákvæm og sjálfri sjer samkvæm í öllum atriðum hennar, að úrlausn ágreinings þess, er hjer á sjer stað, verði byggð á henni einni. Þar að auki hafa komið fram líkur fyrir, að skýrsla hennar hafi ekki verið fullkomlega sönn; einkum hefir bóndinn Steini Halldórsson, þá á Eyrar-Uppkoti, er flutti Valgerði að Nýjabœ um krossmessu 1867, skýrt frá því, að hann hafi heyrt það á henni, að henni væri full-

kunnugt um vistarráðin við Brynjúlf; og kona Steina, Kristín Kortsdóttir, hefir skýrt frá, að henni hafi heyrt hið sama á Valgerði, þegar hún á suðurleiðinni stóð við hálfan dag á heimili vitnisins, og hefir þetta vitni þar að auki skýrt frá því, að heyrt hefði á Valgerði, að hún heldur hefði viljað vera kyr í Kjósinni. Þá ber að athuga, að Valgerður hefir hið umspurða vistarár ekki verið skráð í sálna-registur Reynivallaprestakalls, en þar á móti í registrið fyrir Seltjarnarneshrepp sem hjú á Nýjabæ, og að Jón Guðmundsson með eidi hefir staðfest, að hann eptir beiðni Brynjúlfs Magnússonar hafi útvegað honum Valgerði sem vinnukonu, og að vistarráðin hafi verið fullgjör, að því sig minni fyrir jól. Loksins hefir sama vitni síðar í prófi 13. maí f. á. skýrt frá því, að hann hafi ráðið Valgerði Grímsdóttur til Brynjúlfs Magnússonar með vilja hennar og vitund hið umrædda ár; en Brynjúlfur hefir fyrir rjetti borið, að Jón hafi sagt sjer, þegar hann rjeði Valgerði til sín, að þetta væri með vilja hennar og vitund, að hann ekki hafi orðið þess áskynja, að Valgerður hafi öðruvísi litið á stöðu sína, en að hún væri hjú hans, og að það einkum sje ósatt, að hún hafi verið hjá honum sem hlutakona Jóns Guðmundssonar vor það, er hjer ræðir um.

Samkvæmt því, er þannig hefir komið fram í málinu — og hefir ekki verið unnt að bera skýrslur þær, er hafa verið útvegaðar á árunum 1875 og 1876, undir Valgerði Grímsdóttur, þar sem hún samkvæmt skýrslu sýslumannsins í Arnessýslu andaðist 24. júní f. á. — verða líkur þær, sem eru fyrir, að dvöl Valgerðar sem hjú á Nýjabæ á árinu 1867 til 1868 að eins hafi verið til málamyndar, ekki teknar til greina, en þessi dvöl verður samkvæmt löggjöfinni að hafa þá þýðingu, að dvölinni í Kjósinni hefir með henni verið slitið, og Valgerður hefir ekki með 10 ára samfleyttri dvöl áunnið sjer framfærzlu í Kjósarhreppi.

Úrskurður yðar, herra amtmaður, dags. 16. desbr. 1873, er segir Valgerði Grímsdóttur sveitlöga í fœðingarhrepp sínum, þegar hún á árinu 1871 varð þurfandi sveitarstyrks, skal því óraskaður standa.

## Verðlagsskrá

sem gildir

í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum og í Akureyrarkaupstað  
frá miðju maímánadar 1877 til sama tíma 1878.

19  
20. febr.

	A. Fríður peningur:	Krónumynt.		Hundrað á		Alin.	
		Kr.	Aur.	Kr.	Aur.	Kr.	Aur.
1.	1 hndr., 1 kyr, í fardögum, ekki yngri en þrjævetur og ekki eldri en 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvemberloka . . . . .	93	60½	93	60½	78	
2.	6 ær, í fardögum, ekki yngri en tvævetrar og ekki eldri en 6 vetra, loðnar og lembdar . . . . . hver á	13	61	81	66	68	
3.	6 sauðir, á hausti, þrjævetrir, eða 4 vetra eða 5 vetra . . . . .	16	29	97	74	81½	
4.	8 sauðir, á hausti, tvævetrir . . . . .	13	20	105	60	88	
5.	12 — — — — — veturgamlir . . . . .	8	91	106	92	89	
6.	8 ær — — — — — geldar . . . . .	12	16½	97	32	81	
7.	10 — — — — — mylkar . . . . .	7	88	78	80	66	
8.	1 áburðarhestur, í fardögum taminn, ekki yngri en 5 vetra, og ekki eldri en 12 vetra . . . . .	83	11	83	11	69	
9.	90 álnir, 1 hryssa, jafngömul . . . . .	73	78	98	37	82	

Hinn 6. apríl 1877.